

Reykjavík, 26. mars 2012

Umsögn um frumvarp til laga um skráð trúfélög (lífsskoðunarfélög, aðild barna o.fl.), 509. mál.

Frá Samfylkingunni

Samfylkingin þakkar fyrir þetta tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Forystusveit málefnanefndar um lýðrétti og mannréttindi var falið að vinna umsögnina.

Í ályktun landsfundar Samfylkingarinnar í október 2011 um lýðræði og mannréttindi, sem bar yfirskriftina: *Jafnrétti án landamæra – nýjar leikreglur lýðræðsins*, var m.a. fjallað um trú og lífsskoðanir, þar segir:

*Ísland er fjölmenningslegt land þar sem allir eru jafnir og virðingu á að bera fyrir frelsi fólks til að aðhyllast trúarbrögð, lífsskoðanir og lífsgildi af fjölbreyttum toga. Í þeim eru verðmæti sem samfélaginu ber að standa vörð um. Trúfrelsi, sannfæringarfrelsi og réttur til að iðka trú og fylgja lífsskoðun sinni er mikilvægur hluti þeirra mannréttinda sem tryggð eru á Íslandi.*

*Samfylkingin styður menningarlega þróun í átt til meiri fjölbreytileika, vill styðja við ólíka menningu og litur á ríkisvald sem veraldlegs eðlis. Samfylkingin mun vinna að jafnræði lífsskoðana hvort sem þær eru af trúarlegum eða veraldlegum toga. Námskrár grunn- og leikskóla árétti mikilvægi fræðslu um lífsskoðanir, bæði trúarlegar og veraldlegar, auk siðfræðikennslu, með það að markmiði að undirbúa börn undir það að vera virkir og ábyrgir þátttakendur í fjölmenningslegu lýðræðissamfélagi.*

Í frumvarpinu er að finna jákvæðar breytingar varðandi lífsskoðunarfélög og starfsemi þeirra, sem við teljum í anda þess sem fram kemur hér að ofan. Mælt er með samþykkt þessa frumvarps.

Með kveðju

Amal Tamimi

formaður málefnanefndar Samfylkingarinnar um lýðræði og mannréttindi